

SKÝRSLA MÓTSINS



44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ

REYKJANESBÆ, 25. - 27. APRÍL 2019



Rokköld'19

EFNISYFIRLIT

1	ROKKÖLD	3
2	NEFNDIR OG STARFSMENN	5
2.1	ÖLDUNGANEFND	5
2.1.1	VERKEFNI ÖLDUNGANEFNDAR	5
2.1.2	SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR	5
2.2	DÓMARANEFND	7
2.2.1	VERKEFNI DÓMARANEFNDAR	7
2.2.2	SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR	7
2.3	GISTI-, MÓTTÖKU- OG GJAFANEFND	10
2.3.1	VERKEFNI GISTI-, MÓTTÖKU- OG GJAFANEFNDAR	10
2.3.2	SKÝRSLA GISTI- OG MÓTTÖKUNEFNDAR	10
2.4	STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFND	13
2.4.1	VERKEFNI STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFNDAR	13
2.4.2	SKÝRSLA STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFNDAR	13
2.6	AÐSTÖÐUNEFND	15
2.6.1	VERKEFNI AÐSTÖÐUNEFNDAR	15
2.6.2	SKÝRSLA AÐSTÖÐUNEFNDAR	15
2.7	FJÁRMÁLANEFND	18
2.7.1	VERKEFNI FJÁRMÁLANEFNDAR	18
2.7.2	SKÝRSLA FJÁRMÁLANEFNDAR	18
2.7.3	UPPGJÖR MÓTSINS	19
2.8	LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFND	20
2.8.1	HLUTVERK LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFNDAR	20
2.8.2	SKÝRSLA LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFNDAR	20
2.9	RIT- OG MARKAÐSNEFND	23
2.9.1	HLUTVERK RIT- OG MARKAÐSNEFNDAR	23
2.9.2	SKÝRSLA RIT-OG MARKAÐSNEFNDAR	23

2.10	VEITINGA- OG SJOPPUNEFND	25
2.10.1	HLUTVERK VEITINGA- OG SJOPPUNEFNDAR	25
2.10.2	SKÝRSLA VEITINGA- OG SJOPPUNEFNDAR	25
2.11	VERÐLAUNA- OG GJAFANEFND	32
2.11.1	HLUTVERK VERÐLAUNA- OG GJAFANEFNDAR	32
2.11.2	SKÝRSLA VERÐLAUNA- OG GJAFANEFNDAR	32
2.11.3		36
3	LOKAORÐ ÖLDUNGS	36

1 ROKKÖLD

Það rann upp dýrðardagur þann 25. apríl 2019, en þá hófst formlega 44. öldungamót Blaksambands Íslands sem að þessu sinni bar heitið **Rokköld**. Nafngiftin vísar að sjálfsögðu í mótsstaðinn Keflavík, en bærinn er gjarnan kenndur við vögguna rokks og róls á Íslandi. Sól skein í heiði og hátt í tvöþúsund blakarar, hvaðanæva af landinu, fylktu liði á þetta skemmtilegasta blakmót ársins. Bíbí og blaka, Skautar, Skellur, Bakhlið Íslands, Bjarkir, Birnur, Framfarir, Framspil og svo mætti lengi telja, eru allt dæmi um lið sem voru staðráðin í að gera góða blaktengda hluti, en fyrst og fremst skemmta sér í frábærum félagsskap við kjöraðstæður.

Öldungamót í blaki á sér langa og áhugaverða sögu og á sér án efa bjarta framtíð. Það voru Þróttur Reykjavík og Blakdeild Keflavíkur sem saman í sæng kappkostuðu að skapa mótinu frábæra umgjörð, en í báðum félögum liggur mikil reynsla af skipulagningu móta af ýmsu tagi. Engan grunaði þó hversu mikla vinnu þurfti að leggja fram til að gera mótið að raunveruleika, og í baksýnispegli virðist það nánast lygasaga að allt gekk upp að lokum og þátttakendur fóru til sinna heimahaga með dýrmætar minningar í farteskinu. Þessu má þakka seiglu og vinnusemi liðsfólks í báðum félögum, sem sönnuðu það ítrekað að margt smátt gerir eitt stórt og að það er hægt að lyfta grettistaki ef vilji og einurð eru til staðar. Af nógu slíku var að taka. Velunnarar félaganna unnu jafnframt dýrmætt starf, ásamt landsliðum Íslands sem sinntu dómgæslu af miklum myndarskap.

Baksýnispegillinn sýnir jafnframt mikla vináttu sem myndaðist við undirbúning og mótshald, og hafa Þróttarar eignast frábæra bandamenn í suðri, og öfugt.

Starfandi nefndir voru samtals tíu og þar lögðu allir hönd á plóg við að finna lausn á óteljandi úrlausnarefnum. Mikill metnaður var lagður í að gera umgjörð alla hina glæsilegustu og má segja að það hafi tekist, þótt verkefnið hafi stundum tekið á og virst ófyrstíganleg. Öllu nefndarfólki er þökkúð óbilgirnin og það þrekvirki sem Rokköld 2019 varð. Í þessu riti má finna greinargerð frá öllum nefndum, en þar er stiklað á stóru fyrir verðandi mótshaldara.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Rokköld var og er sannkölluð vítamínsprauta fyrir blakstarf í Reykjanesbæ og í Laugardalshöll. Það er von mótshaldara að okkur hafi tekist að sýna þessu frábæra móti þá virðingu sem það á sannarlega skilið og að dýrmætar minningar séu öllum hvati til áframhaldandi dáða í íþróttinni.



2 NEFNDIR OG STARFSMENN

2.1 ÖLDUNGANEFND

2.1.1 VERKEFNI ÖLDUNGANEFNDAR

- Hafa yfirumsjón um framkvæmd mótsins.
- Hafa yfirumsjón með skipulagningu mótsins, tímasetningar mótsins, pöntun á húsum og hvað verður í hverju húsi.
- Taka á móti skráningu liða og niðurröðun leikja.
- Svара öllum fyrirspurnum varðandi mótshaldið, ákveður allt er viðkemur undanþágum eða hugsanlegum breytingum á fyrirkomulagi mótsins.
- Sendir út tilkynningar er varða mótahaldið.
- Er í samráði við öldungaráð og gerir tillögur til þess ef þarf.

2.1.2 SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR

Öldunganefnd var skipuð Einar Hannessyni, öldungi mótsins, Söndru B. Magnúsdóttur frá Þrótti R og Sigríði H. Pálsdóttur frá Þrótti R.

Nefndin hafði reglulegan fundartíma frá janúar 2018 fram að móti 2019, bæði í formlegu nefndarstarfi og þegar tilefni var til óformlegri hittinga. Fjöldmargir tölvupóstar voru sendir og tíðrætt um brýn málefni á samfélagsmiðlum. Öldunganefndin gegndi hlutverki mótsstjórnar meðan á móti stóð, og stóð Sigríður vaktina í Reykjaneshöllinni og Sandra í Blue-höllinni. Öldungur fór þangað sem verkefni kölluðu, og stóð sig prýðisvel í hlutverki Æðsta-Strumps. Það verður seint ítrekað nauðsyn þess að á mótsstað (eða stöðum) sé fyrir hendi góð aðstaða fyrir þessa mikilvægu nefnd, því mörgum spurningum þarf að svара og verkefni að leysa. Keppendur þurfa að hafa greiðan aðgang að ráðandi mannskap, og þarf sá staður að vera á áberandi stað á mótsstað.

Engar undanþágur voru veittar á mótinu, en örfá lið höfðu samband og reyndu að koma að keppendum sem ekki teljast formlegir öldungar, og var ástæðan undantekningarlaust mannekla.

Ein formleg kæra barst nefndinni og fór hún í hefðbundið ferli til Öldungaráðs. Fallist var á rök kæranda og var úrskurðað að úrslit umrædds leiks skyldu falla 2-0 kærandi liði í vil. Önnur kæra barst nefndinni, en að lokum var þeirri kæru vísað frá þar sem ekki barst skrifleg kæra til Öldungaráðs innan 30 mínútna kærufrests eftir að leik lýkur, eins og tilgreint er í gr. 3.7. í reglugerð um Öldungamót BLÍ.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Öldunganefnd sá að mestu um samskipti mótsins út á við og notaði til þess tölvupósta og samskiptamiðilinn Facebook. Stofnaður var viðburður í kringum mótið og þjónaði hann hlutverki upplýsingarveitu í aðdraganda móts og meðan á móti stóð. Vefsíðan blak.is gegndi líka mikilvægu hlutverki eins og gera má ráð fyrir, en þangað sóttu keppendur upplýsingar um deildir og leiki, mótsstaði, mótsgjald og skráningarfrest. Vefsíða öldungamóta á bli.is var sömuleiðis brúklæg, en þar mátti finna mikilvægar grunnupplýsingar og reglugerðir.

Öldunganefndin sá um uppröðun mótsins og hefur við blak.is að athuga að það er vandkvæðum bundið að ekki sé hægt að loka á það starf sem fram fer við uppsetningu. Breytingar á deildum og leikjum birtast notendum síðunnar jafnóðum og þær eru gerðar, og er hætta á að þetta skapi kurr í hópnum, þótt mótshaldari hafi ítrekað tekið það fram á samskiptamiðlum að ekki væri útséð um endalega uppstillingu fyrr en búið væri að tilkynna um það formlega.

Öldungaráð Rokkaldar samanstóð af öldungum síðustu þriggja móta. Í ráðinu sátu:

- Hannes Garðarsson, öldungur Blöku 2018.
- Guðrún Kristín Einarsdóttir, öldungur Mosaldar 2017.
- Brynja María Ólafsdóttir, öldungur Stjörnustríðs 2016.

Ekki þurfti að kjósa um öldungamót 2021, en eingöngu HK sótti um.

*Virðingarfyllt,
Sigríður H. Pálsdóttir
F.h. öldunganefndar Rokkaldar 2019*



2.2 DÓMARANEFND

2.2.1 VERKEFNI DÓMARANEFNDAR

- Af þátttökugjaldi á Öldungamóti rennur 25% til BLÍ. Á móti skipa BLÍ 2 landsdómara til að hafa umsjón í samráði við mótshaldara með dómgæslu og niðurröðun dómara á öldungamóti BLÍ.
- Dómaranefnd skal sjá um allt er viðkemur dómgæslu á mótinu. Uppröðun dómara á leiki og að fylgjast með ef kvartað er undan dómgæslu og bæta úr ef hægt er.
- Fara yfir allar reglur sem notaðar eru á öldungamóti og eins hver er munur á reglum öldungamóts og leikreglum BLÍ.
- Undirbúningur t.d. námskeið í dómgæslu fyrir mót.

2.2.2 SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR

Í forsvari fyrir dómaranefnd var Jón Ólafur Valdimarsson, og naut hann aðstoðar Öldunganefndar.

Þegar ljóst var að Þróttur R og Keflavík myndu halda Öldungamót BLÍ 2019, sem fékk heitið Rokköld 2019, þá var byrjað að finna fólk til að skipa nefndir og Öldungur mótsins óskaði eftir að formaður dómaranefndar mótsins yrði Jón Ólafur Valdimarsson alþjóðlegur blakdómari sem hefur dæmt fyrir hönd Þróttar Rvk. Jón Ólafur tók það hlutverk að sér og mætti og ræddi málefni dómaranefndar á nefndaformannafundum sem Öldungur boðaði reglulega til að undirbúa mótið og ákvarðanir varðandi dómaramál voru teknar á þeim fundum.

Fyrsta skrefið var að fara yfir skýrslu dómaranefndar Öldungamóts 2018 og heyra í forsvarsmönnum þess móts varðandi fyrirkomulagið á dómgæslu á því móti. En þar sem mótið hefur farið stækkandi ár frá ári og þátttökulið að nálgast 200 að þá er orðið erfitt að manna dómgæslu á svo marga leiki á stuttum tíma. Til að leysa það vandamál lögðu mótshaldarar mótsins 2018 það til að fá liðin til að skaffa sjálf dómara þegar þau áttu umsjón og í leiðinni að fá liðin til að styrkja yngflokka landslið BLÍ. Það er að sú greiðsla sem er áætluð fyrir dómgæslu af þátttökugjaldinu á hvern leik renni í sjóð eyrnamerkt ferðasjóði yngriflokka landsliðum BLÍ. Sú tilraun var gerð og gekk vel að sögn mótshaldara og langflest lið jákvæð fyrir þessari hugmynd enda fengist þannig inn aukafjáröflun fyrir yngriflokka landsliðin. Þau lið sem ekki treystu sér að dæma í sinni umsjón, sennilega vegna þekkingarleysis á blakdómgæslu trimmblakhópa, að í þá leiki skaffaði mótshaldari dómara á sínum vegum. BLÍ var mjög hlynnt þessari hugmynd og þar sem þetta fjármagn myndi styrkja undirbúning yngriflokka landsliða og fór BLÍ í það að að búa til reglugerð varðandi þetta fyrirkomulag. Sú reglugerð var samþykkt á Ársþingi BLÍ í mars 2019. Þar sem þetta fyrirkomulag hafði gefist vel og reglugerð um þetta klár að þá var ákveðið að festa þetta

fyrirkomulag í sessi. Þátttökuliðum var því tilkynnt að þetta fyrirkomulag á dómgæslunni yrði notað á Rokköld 2019. Vitað var að þetta myndi ekki manna allar dómastöður á mótinu og því voru mótshaldarar tilbúinir með sýna eigin dómara úr sínum röðum auk þess að bjóða A landsliðsfólki að dæma á mótinu sem sér fjáröflun fyrir sín verkefni. Einnig buðu nokkrir einstaklingar sig fram um að dæma á mótinu óháð liðum og voru það einkum landsdómarar og héraðsdómarar og létu þau dómgæsluna renna til ferðasjóð yngri landsliðanna. Nokkur A landsliðsfólk buðu sig fram í dómgæslu á mótinu og var þeim niðurraðað á leiki eftir þeirra óskum. Ákveðið var að greiðsla fyrir hvern leik sem A landsliðsfólk dæmdi sem og þeirra fulltrúa liða sem dæmdu til styrktar ferðasjóði yngri landsliðanna væri 2.500 kr. á hvern leik.

Þegar endanleg skráning fjölda liða á Rokköld 2019 fór mótanefnd mótsins að raða niður öllum leikjum mótsins og voru þetta samtals 480 leikir sem þurfti að manna dómara á. Dómaranefndin vann svo í samráði við mótanefndina að raða niður þeim dómaraefnum sem liðin skráðu inn þá leiki sem liðin áttu að sjá um umsjón. Þegar þessi vinna átti sér stað að þá var tekið eftir því að mörg lið voru enn ekki búinir að svara hvort þau væru með dómaraefni eða ekki og var því haft samband við þau lið og pressað á þau að gefa svar með það. Flest af þeim liðum sem enn höfðu ekki gefið svar varðandi dómaraefnin brugðust vel við og fundu dómaraefni úr sínum röðum. Þau höfðu ekki áttað sig á að það þyrfti að tilnefnda það formlega svo það þarf ítreka þetta við liðin á næstu mótum svo sem flest dómaraefni skili sér tímalega inn. Þegar endanlegur fjöldi dómara var kominn á hreint var farið í að raða niður dómurum á leikina og passað upp á að fólk óvant dómgæslu dæmdi frekar í neðri deildunum og fólk með dómaraéttindi dæmdi frekar í efri deildunum og reynt var að hafa reynslumikla dómara á leikjum sem hugsanlega kröfðust þess.

Einnig var ákveðið að bjóða upp á stutt dómara-og leikreglunámskeið í kvöldið fyrir upphaf Rokkaldar 2019 í Keflavík og það auglýst inn á vefsíðum mótsins. Var það fólk að kostnaðarlausu og hugsað fyrir óreynt fólk í blakdómgæslu hvað það þyrfti að hafa á hreinu varðandi leikreglur sem og hvernig á að bera sig að sem blakdómari, sbr. handabendingar dómara. Jón Ólafur formaður dómaranefndar mótsins sá um þetta námskeið, sem yfir 30 manns mættu á, og var einhver hópur úr sömu liðunum sem mætti vildu nota tækifærið og fræðast almennt um leikreglur í blaki en höfðu ekki hug á að dæma á mótinu. Var námskeiðið haldið í fundarsal í Reykjanesshöllinni.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Dómgæslan á mótinu gekk almennt vel fyrir sig en eitthvað var um það að ásettir dómara á leikjum óskuðu lausnar eða tilfærslu og var það leyst af móts- og dómaranefnd jafnóðum. Í einstaka tilfellum kom það upp að ásettur dómari mætti ekki til leiks á tilsettum tíma eða umsjónarlið mættu ekki og þegar það kom upp á að þá var kallað í dómara eða aðila á vegum mótshaldara að fylla upp í það skarð í snöggheitum.

Þegar uppgjör á dómgæslunni eftir mótið kom í ljós að dómara á vegum liða og óháðra einstaklinga dæmu alls 289 leiki á mótinu og fór því 722.500 kr. í ferðasjóð yngri landsliða BLÍ sem mótshaldari greiddi til BLÍ í júní 2019.

A landsliðsfólk kvenna dæmi 33 leiki og A landsliðsfólk karla dæmdi 20 leiki. Fékk einstaka landsliðsmaður greitt sér fyrir sína dómgæslu sem fór upp í þann ferðakostnað sem A landsliðsfólk þurfti sjálf að leggja út í næsta landsliðsverkefni sem voru Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi.

Dómara á vegum mótshaldara dæmdu rest eða alls 138 leiki og fór sú upphæð til mótshaldara og skiptist jafnt á milli blakdeilda Þróttar R og Keflavíkur.

Fleira var það ekki.

*Virðingarfyllt,
Jón Ólafur Valdimarsson
F.h. dómaranefndar Rokkaldar 2019*



2.3 GISTI-, MÓTTÖKU- OG GJAFANEFND

2.3.1 VERKEFNI GISTI-, MÓTTÖKU- OG GJAFANEFNDAR

- Sjá til þess að safna saman öllum upplýsingum um mögulega gistikosti fyrir liðin í Reykjanesbæ.
- Kanna möguleika á gistingu í skólum eða sambærilegu ef þörf er á.
- Miðla upplýsingum til þátttökuliða um mögulega gistikosti.
- Móttökupokar fyrir öll lið sem innihalda gjafavarning til þátttakenda frá styrktaraðilum, helstu upplýsingar um mótið og og kjörseðla fyrir Öldung 2021.

2.3.2 SKÝRSLA GISTI- OG MÓTTÖKUNEFNDAR

Þessa nefnd skipuðu Svandís Þorsteinsdóttir og Guðrún Jóna Árnadóttir. Strax eftir BlaKA 2018 var farið að safna saman netföngum hjá þeim sem bjóða uppá gistingu í Reykjanesbæ og nágrenni.

Hlutverk nefndarinnar var að safna saman öllum upplýsingum um mögulega gistikosti í Reykjanesbæ og nágrenni. Kanna möguleika á gistingu í skóla ef þörf væri á sem og að miðla upplýsingum til þátttökuliða um mögulega gistikosti. Safna saman öllu því helsta sem góður móttökupoki þyrfti að innihalda. Einnig tók þessi nefnd að sér að láta veitingastaði og verslanir vita af mótinu og að endurheimta farandgripina.

Svandís tók að sér að halda utan um að safna saman upplýsingum um alla mögulega gistimöguleika í Reykjanesbæ og nágrenni. Sendur var póstur sem innihélt „google sheet“ skjal en í póstinum voru allir beðnir um að taka frá dagsetninguna í kringum mótið fyrir liðin, beðnir að fylla inn í skjalið hve marga staðurinn gæti tekið í gistingu og aðrar nauðsynlegar upplýsingar eða annað eins og tilboð til blakhópa. Þetta skjal var svo sent á þá hópa sem voru að leita að gistingu en svo var þetta skjal birt á facebook síðu Rokkaldar þegar hún fór í loftið.

Um haustið var farið að leita eftir íbúðarhúsnæðum til leigu. Þegar nær dró fóru fleiri lið að leita að húsnæði en þau húsnæði sem voru á lista leigðust ekki öll út og svo virðist sem allir hafi fengið húsnæði. Einnig var lítil sem engin eftirspurn eftir skólagistingu og var því tekin ákvörðun um að bjóða ekki upp á skólagistingu. Leitað var til fasteignasala til að finna viðmið fyrir leiguverð á íbúðum og út frá því fékkst þetta viðmið: frá 100.000 kr. fyrir 6 manna gistingu og upp í 200.000 kr. fyrir stærri hópa en 15 manns. Það viðmið hélst eftir því sem við best vitum og fregnir komu ekki af einhverri ofurleigu.

Veitingastaðir og verslanir

Eftir áramót var farið í að láta veitingastaði og verslanir vita af mótinu og undirbúa þau að stór hópur keppenda 30 ára og eldri væru að koma í bæinn. Það var eins og þessi fyrirtæki væru samt ekki að átta sig alveg á þessu í byrjun því það var ekki fyrr en nær dró (rétt fyrir mót) að tilboðum fór að rigna inn.

Mjög mikilvægt var að láta ÁTVR vita svo þau ættu nóg til á meðan mótið stæði yfir. ÁTVR leitaði til tveggja fyrri mótsstaða (Akureyri og Mosfellsbæ) eftir upplýsingum um hve mikið aukamagn þau þyrftu að panta.

Þar sem það var ekki boðið upp á mat á lokahófinu var nóg að gera hjá veitingahúsum og veisluþjónustum bæjarins. En það voru nokkur lið sem leituðu til okkar eftir upplýsingum um hvar þau gætu leigt sali til að safna saman félaginu sínu í fyrirpartý. Reyndum við eftir bestu getu að veita þeim upplýsingar um sali til útleigu.

Móttökupokar

Fyrir áramót var leitað til birgja um styrki í formi lítilla gjafa í pokann í stykkjatali eftir fjölda leikmanna mótsins. Ýmist voru fá svör eða óskað eftir tölvupósti þegar nær drægi. Illa gekk að safna gjöfum í pokann í byrjun enda ansi mikið magn gjafa en um miðjan mars fóru gjafirnar að birtast og í þónokkuð miklu magni, enda breyttum við um aðferð og báðum gjafir í samræmi við fjölda liða. Allir í undirbúningsnefnd Rokkaldar voru komnir í að safna gjöfum. Um áramót var farið í að leita eftir tilboðum í gjafapokann sjálfan og haft var samband við fyrirtæki sem buðu upp á fjölnota poka sem reyndust svo vera of dýrir. Að endingu nýttust vel merktir bréfpokar sem Altis gaf.

Andvirði innihalds hvers poka endaði í kringum 7.000 kr. Í pokanum mátti finna nuddbolta, orku-freyðitöflur, biofreeze prufu, sólarvörn, andlitsmaska, sárakrem, íþróttateip, tilboðsmiða, afsláttarmiða í bío, auglýsingabæklinga og nauðsynlegar upplýsingar til keppenda. Ekki þurfti að setja kjörseðil í pokann þar sem það var aðeins eitt lið sem sótti um að halda öldung 2021 og því sjálfkjörið. Það tók um 15 manns u.þ.b. 3 klukkustundir að setja í pokana og gera þá tilbúna til afhendingar. Nokkra hluti vantaði á þeim tímamarki en þeir hlutir voru settir ofan í pokana rétt fyrir afhendingu.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Afhending á pokum, lokahófsmiðum og innheimta farandgripa fór fram á miðvikudeginum kl.: 20:00-22:00 og fimmtudeginum kl.: 10:00-12:00 í Reykjaneshöllinni. Ekki sóttu öll lið pokana á þessum tímum og því var afhending poka, lokahófsmiða og innheimta farandgripa alveg til loka keppnisdags.

Farandgripir

Í upphafi árs var farið í að taka saman upplýsingar um helstu tengiliði liða sem hlutu farandgripa frá BlaKA 2018. Byrjað var að auglýsa á facebook síðu Rokkaldar en einnig var sendur tölvupóstur á liðin og liðin beðin um að gera farandgripinn kláran til afhendingar. Skila átti þeim pússuðum og láta grafa í þá áður þeim væri skilað.

Misvel gekk að innheimta farandgripina og þurfti að hringja í tengiliði sumra liða og reka á eftir þeim. Eitt lið skilaði farandgripnum rétt fyrir verðlaunaafhendinguna og einnig þurfti að redda lánsbikar þar sem einn farandgripurinn gleymdist fyrir norðan. Var hann sendur með flugi en náði ekki í tæka tíð fyrir verðlaunaafhendingu. En allt fór vel að lokum og fékk liðið sem fékk lánsbikarinn sinn rétta farandgrip degi eftir afhendingu.

*Virðingarfyllt,
Svandís Þorsteinsdóttir og Guðrún Jóna Árnadóttir
F.h. Gisti-, móttöku- og gjafanefnd Rokkaldar 2019*



2.4 STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFND

2.4.1 VERKEFNI STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFNDAR

- Heldur utan um öflun styrkja svo sem kostun á velli, aðstyrktaraðila, aðstoð verkefnastjóra Lokahófsnefndar við öflun styrkja fyrir lokahóf, auglýsingar í mótaskrá o.s.frv.
- Ákveður verð auglýsinga og styrkja.
- Aðstoðar við að semja við aðila sem eru til í að leggja fram vinnu eða varning í einhverju formi á mótið en vilja auglýsingu í staðinn.

2.4.2 SKÝRSLA STYRKJA- OG FJÁRÖFLUNARNEFNDAR

Nefndina skipuðu Brynja Guðjónsdóttir, S.Hilmar Guðjónsson, Jóhanna Jakobsdóttir, Ásta Birna, Guðbjörg Sveinsdóttir og Sandra B. Magnúsdóttir.

Nefndin byrjaði á því að útbúa samninga og verðskrá sem farið var eftir og sér netfang þar sem gengið var frá samskiptum við fyrirtæki varðand styrkveitingar. Tekið var mið af samningum og verðskrá frá fyrrum mótshöldurum. Til stóðu 16 vellir að selja og var reynt eftir fremsta megni að selja þá alla en aðstæður í samfélaginu höfðu mikil áhrif á söfnunina (gjaldþrot WOW Air). Ýmist voru auglýsingar seldar eða gefnir fyrir styrki í formi vöru. Einnig bárust nefndinni nokkrir nafnlausir styrkir. Áhersla var lögð á að nýta tengslanet allra þeirra sem komu að mótshaldinu og reyndist það vel.

Við teljum að fjáröflunin hafi gengið vel, heilt yfir, en áætla má að enn betur hefði gengið ef vinnan hefði farið á fullt enn fyrr.

Mótið fékk nokkra stóra styrktaraðila. Fyrstan ber að nefna Coca Cola á Íslandi, sem Sandra græjaði og reyndist mótinu stór ávinningur. Coca Cola í raun „keypti“ mótið þannig að eingöngu var heimilt að selja drykkjarföng frá þeim, og þess í stað fékkst stór styrkur í formi hárra afslátta, lán á kælum, flutnings á vörum, kaupa á velli og frívára. Sandra hefur rætt við áframhaldandi samstarf fyrirtækisins og öldungamóta, og reyndust góðar samstarfsforsendur. Sandra sér um tengiliði við Coke, og er auðsött mál að hafa samband við hana (sandra.myndform@gmail.com).

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Aðrir stórir styrkjaðilar voru Stöngull og Húsasmiðjan, sem lögðu til krossviðinn undir allan dúk í Reykjaneshöllinni, og svo Vörudreifing ehf fyrir alla flutningsvinnu mótsins.

Haldið var utan um all vinnutengda söfnuninni á Google Drive excel skjali.

*Virðingarfyllst,
Brynja Guðjónsdóttir
F.h. Styrkja- og fjáröflunarnefndar Rokkaldar 2019*



2.6 AÐSTÖÐUNEFND

2.6.1 VERKEFNI AÐSTÖÐUNEFNDAR

- Sér um uppsetningu valla.
- Tryggja aðkomu mannskaps við uppsetningu valla og að taka niður og ganga frá búnaði.
- Sér um allan búnað á völlum, dúka, undirlag, súlur, net, antennur, stóla fyrir dómara, stigatöflur, nafnspjöld fyrir lið á velli, varamannabekki, flautur, penna, klukkur o.s.frv.
- Þrif á völlum.
- Samskipti við húsverði og yfirmann íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ.

2.6.2 SKÝRSLA AÐSTÖÐUNEFNDAR

Nefndina skipuðu: Einar Snorrason formaður, Jónas Traustason, Sveinn Björnsson og Einar Hannesson.

Markmiðið í umsókn Rokkaldar var að spila í eins fáum húsum og hægt var. Ákveðið var að reyna að spila á allt að 12 völlum í Reykjaneshöllinni og á 4 völlum í Blue-höllinni, alls 16 völlum. Einnig var bætt við einum velli í Ljónagryfjunni í Njarðvík á lokadegi mótsins ásamt því að verðlaunaafhending fór þar fram þar sem vitað var að ekki yrði spilað í Blue-höllinni vegna uppsetningar á lokahófi.

Uppbygging valla í Reykjaneshöll var þannig að lagðir voru plastflekar (leigðir hjá HK) á gólfið, krossviður, sem var fenginn að láni, lagður laus þar ofan á og keppnisdúkur lagður ofan á allt saman. Það tókst að útvega keppnisdúka fyrir 12 velli og því gekk það vallarskipulag upp sem var lagt upp með í upphafi.

Mesta vinnan fór í að leggja gólfið á Reykjaneshöllina. Uppsetning hófst á þriðjudagskvöldi kl. 21 og unnið fram að miðnætti. Byrjað var aftur á miðvikudagsmorgni og var uppsetningu lokið klukkan 00:04 og mótið byrjaði á fimmtudegi kl. 08.

Vinna við að frágang gekk mun hraðar fyrir sig. Byrjað var kl. 14 á laugardegi og var allt farið af gólfinu kl. 20 sem var nauðsynlegt þar sem það voru skráðir keppnisleikir í knattspyrnu strax á sunnudagsmorgni. Plastflekunum var komið strax fyrir í gámum en bæði krossviðurinn og dúkarnir voru ekki fluttir úr höllinni fyrr en viku síðar. Uppsetning á völlum í Blue-höllinni hófst kl. 22 á miðvikudagskvöldi og var lokið um kl. 01. Þar sem almennt er ekki gert ráð fyrir mikilli blakiðkiðkun í Blue-höllinni þurfti að hafa lausar súlur á einum velli og teipa upp tvo velli en að öðru leiti var flest allur búnaður sem þarf til blakvalla til staðar í húsinu.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Uppsetning á vellinum í Ljónagryfjunni var á föstudagskvöldi frá kl. 23:30-01:00. Í Ljónagryfjunni eru hólkar fyrir blaksúlur í gólfinu en þeir eru svo lausir að það þurfti að festa súlurnar með strekkjum við veggina, einnig þurfti að teipa völinn upp.

Það komu um 60 manns að uppsetningu valla og um 50 voru í frágangi og ber að þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf en of langt mál er að telja alla upp sem lögðu hönd á plóg. Þó verður að þakka sérstaklega Pálma S. Péturssyni sem sá um flutning á dúkunum, en mikill tími fór í að sækja dúkana á fjóra staði í Reykjavík og í Garðinum og skila þeim svo á þrjá staði. Einnig lagði hann til og vann á lyftara sem hefði ekki verið hægt að vera án. S.Hilmar Guðjónsson og Hólmsteinn Bjarni Birgisson fá sérstakar þakkir fyrir að hafa áhyggjur af öllu fyrir okkur og fyrir að hafa haft frábæra yfirsýn á meðan mótinu stóð.

Heilt yfir gekk flest upp en það verður að viðurkennast að tilraunin með að hafa krossviðinn lausan undir dúknum gekk ekki alveg upp. Krossviðurinn hreyfðist mikið á á meðan á leikjum stóð og enn meira á næturnar þegar kólnaði í húsinu og gekk mjög illa að laga hann aftur. Tekin var ákvörðun að loknum öðrum keppnisdegi að fjarlægja hann og var því spilað á dúknum beint ofan á plastflekunum eins og gert hafði verið á Blaka árinu áður. Annað sem klikkaði aðeins var að ekki voru nægilega margar ruslatunnur í Reykjaneshöllinni og ekki var nóg af kústum til að sópa gúmmíkurlíð sem barst af gervigrasinu upp á vellina.

Fiskikör með lokum voru notuð sem dómarastólar og voru þau helst til aðeins of lág fyrir meðalmanneskjur.

Súlur sem var stungið ofan í stálplatta og blaknet voru fengin hjá BLÍ.

Gerflor keppnisdúkar fyrir 9 velli voru fengirnir hjá BLÍ og svo dúkur (svartur) á 3 velli til viðbótar sem er í eigu Íþróttafélagsins Víðis og Björgunarsveitarinnar Ægis í Garði sem nú heitir Suðurnesjabær.

Antennur, millinet og stigatöflur voru fengin að láni hjá Blakdeild HK, Blakdeild Álftanes, Blakdeild Aftureldingar og Íþróttafélaginu Nes sem er íþróttafélag lamaðra og þroskahamaðra í Reykjanesbæ. Kunnum við öllum þessum félögum bestu þakkir fyrir.

Stólar og borð fyrir ritara í Reykjaneshöllina voru fengin að láni í Holtaskóla.



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Samskipti við Hafstein Ingibergsson, forstöðumann íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ, voru eins og best verður á kosið og gerði hann allt það sem hann gat til að auðvelda fyrir okkur.

Starfsfólk Reykjaneshallarinnar, Blue-hallarinnar og Ljónagryfjunnar fá sérstakt hrós fyrir frábær störf á meðan mótinu stóð og einnig fyrir mikla þolinmæði og frábært viðmót meðan á öllum undirbúningi stóð.

Fjárhagsáætlun stóðst að mestu en stærsti kostnaðurinn var leiga á plastflekum frá HK sem hækkaði talsvert þegar tókst að tryggja dúka á 12 velli því þá þurfti að bæta við um 800 m² af flekum. Einnig voru tveir fjáröflunarhópar sem komu að uppsetningu og frágangi en sá kostnaður var óverulegur.

Eins og áður hefur komið fram þá er of mikið að telja alla þá sem komu að þessu upp en ég vil þó taka sérstaklega fram þátt Jónasar Traustasonar í aðstöðunefndinn því án hans hefði mótið líklega aldrei farið fram. Hans kunnátta og þekking er ómetanleg og það er alveg frábært fyrir blakið á Íslandi að hafa aðgang að svona miklum meistara.

Einnig eru nokkur fyrirtæki sem verða að fá að fljóta með en það eru Stöngull byggingarfélag og Húsasmiðjan fyrir að leggja til krossvið, Vörudreifing ehf. fyrir flutning á gámum, Fraktferðir fyrir flutning á borðum og stólum og lán á rafmagnstrillu sem var ómissandi við flutning á dúkum og Lyfta.is sem útvegaði okkur vinnulyftu sem var nauðsynleg við uppsetningu á vírum fyrir millinet í Reykjaneshöllinni.

*Virðingarfyllst,
Einar Snorrason
F.h. aðstöðunefndar Rokkaldar 2019*



2.7 FJÁRMÁLNEFND

2.7.1 VERKEFNI FJÁRMÁLNEFNDAR

- Sjá um öll fjármál Rokkaldar fyrir og eftir mót, svo sem að stofna bankareikning.
- Skila loka rekstraruppgjöri Rokkaldar til mótstjórnar.
- Leggja línur og skaffa posa og skiptimynt fyrir sjoppur og skemmtikvöldin.
- Annast innheimtu þáttökugjalds liða, auglýsinga og styrkja.
- Greiðir reikninga vegna mótsins.
- Sjá til þess að skaffa og tryggja uppsetningu á öllum nauðsynlegum tölvubúnaði á mótinu fyrir mótstjórn.

2.7.2 SKÝRSLA FJÁRMÁLNEFNDAR

Brynja Guðjónsdóttir og S. Hilmar Guðjónsson héldu utan um uppgjör mótsins.

Stofnaður var sér-reikningur á vegum blakdeild Þróttar til að halda utan um fjárhagsmál Öldungamótsins og Keflavík með aðgang að honum. Notast var við excel skjal í skipulagningu og utanumhald þar sem allar tekjur og útgjöld voru flokkaðir eftir nefndum. Einnig var excel skjalið nýtt til að halda utan um reikningshald og tekjur á auglýsingastyrkjum.

2.7.3 UPPGJÖR MÓTSINS

Skýring	Rekstrargjöld – kr.	Rekstrartekjur – kr.
Þátttökugjald		7,245,000
Lokahóf	5,599,532	4,270,400
Rit- og markaðsnefnd		
Verðlauna- og gjafanefnd	267,000	
Styrkja- og fjármögnunarnefnd		2,945,000
Veitinga- og sjöppunefnd	741,302	8,025,576
Mótanefnd		
Aðstöðunefnd	2,769,359	
Dómaranefnd	859,276	
Tölvu- og tækninefnd		
Annað	874,672	
Blí-gjald	1,800,000	
	12,911,141	22,485,976

Virðingarfyllt,
 Brynja Guðjónsdóttir
 F.h. fjármálanefndar Rokkaldar 2019

2.8 LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFND

2.8.1 HLOTVERK LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFNDAR

- Skipuleggja allt er viðkemur lokahófinu sem og skemmtikvöldunum á fimmtudags- og föstudagskvöldunum.
- Gera samninga varðand mat, dyravörslu, hljóðkerfi, hljómsveitir o.s.frv.
- Einnig að útvega veislustjóra, söngtexta o.s.frv. eftir því sem við á.
- Útvega skemmtanaleyfi og vínveitingar á kvöldunum þremur.
- Sala miða á kvöldin og útvega kostunaraðila/auglýsingar fyrir lokahóf.
- Ráðin hefur verið verkefnastjóri úr Reykjanesbæ í þetta verkefni. Hún heitir Gulla Olsen og er mjög reynd í svona verkefnum. Hennar hlutverk verður að halda utan um öll ofangreind verkefni.

2.8.2 SKÝRSLA LOKAHÓFS- OG SKEMMTINEFNDAR

Í nefndinni sátu **Sandra B. Magnúsdóttir, Einar Snorrason, Einar Hannesson, Brynja Guðjónsdóttir, Guðrún V. Ásgeirsdóttir og Dagný Baldursdóttir.**

Miklar vangaveltur voru um möguleg húsakynni fyrir lokahóf mótsins, og voru nokkrir staðir athugaðir. Ekkert húsnæði þótti henta vel, þegar uppi var staðið, og var þá brugðið á það ráð að nota aðalsal Blue-hallarinnar, en áður höfðu nefndarfólk öldunganefndar skoðað undirbúning fyrir þorrablót á vegum sveitarfélagsins, og leist vel á. Blue-höllin þótti þó ekki henta undir sitjandi borðhald, þar sem hún rúmar ekki nægilegan fjölda, og var þá ákveðið að slá upp einu rísa-party sem þótti heppnast afar vel.

Nefndin skipulagði tvö skemmtikvöld, sem fóru líka fram efri-sal Blue-hallarinnar; fyrra kvöldið skemmti Þór trúbador og það seinna var DJ Heiðar Austmann. Mikil aðsókn var á þessi tvö kvöld, og seldist vel af veitingum.

Nefndin ákvað að ráða viðburðastjóra, Gullu Olsen, sem er heimamanneskja og öllum hnútum kunnug. Reyndist hún okkur vel, en þá sérstaklega á sjálfum skemmtikvöldunum og á lokahófi þar sem hún var á staðnum og stýrði aðföngum og starfsfólki. Hún hjálpaði til með að afla nauðsynlegra leyfa, skemmtanaleyfis og leyfis frá brunavörnum. Hún réði enn fremur dyraverði, og almennt starfsfólk á bari og þar sem til þurfti á lokahófi. Mótshaldarar sáu um að vera starfsmenn skemmtanakvölda og var þeirri ábyrgð skipt á milli Keflavíkurfólks og Þróttara.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Veislustjóri á lokahófi var Hlynur Ben og stóð hann sig með afbrigðum vel. Elli Prestur sá um uppistand, hljómsveitin Albatross steig á stökk í aðalsal og DJ Áki Pain stóð fyrir sérskemmtun í anddyrinu. Í raun má segja að skemmtunin hafi verið út um allt hús, og allir fengu eitthvað við sitt hæfi.

Mótshaldarar réðu til lokahófs matarvagna sem mættu síðla kvölds og nærðu hungraða gesti. Veitingarnar voru frá Reykjavík Chips og Lobster Hut, og buðu þeir upp á frábærar veitingar.

Leigður var photo-booth frá selfie.is sem reyndist afar vinsæll, en varð fyrir ágangi gesta og tjónaðist. Eftir á að hyggja hefðu mótshaldarar getað komið tækinu fyrir á betri og öruggari stað, því nokkur ölvun var og fólk ekki endilega að gæta sín.

Sandra gerði risasamning við Coca Cola á Íslandi um allar fljótandi veitingar á mótinu, áfengar og óáfengar, og reyndist það mikill happafengur. Virðast þeir opnir fyrir áframhaldandi samstarfi við öldungamót, og eru þá til fyrirliggjandi magntölur og annað slíkt.

Um 850 gestir voru á lokahófinu og hagnaðurinn góður af miðasölu. Annar hagnaður var af sölu fljótandi veitinga.

Hér gefur að líta hinar margvíslegu auglýsingar sem tilheyra þessum málaflökki.

Selt inn við hurð, meðan húsrúm leyfir!
LOKAHÓF ROKKALDAR
BLUE-HÖLLINNI REYKJANESBÆ 27. APRÍL
HÚSD OPNAR KL. 20:00 - HAPPY HOUR TIL 21:30

FORMLEG DAGSKRÁ HEFT KL. 21:30

- HYLNUR BEN VEISLUSTJÓRI
- ELLI PRESTUR UPPISTAND
- HLJÓMSVEITIN ALBATROSS
- DJ ÁKI PAIN
- MATARVAGNAR: REYKJAVÍK CHIPS OG LÖBSTER HUT

BJÖRKORT
Fyrir hvern

ÞÓÐUDAGUR 26. APRÍL
DJ HEIDAR AUSTMAN
BLUE-HÖLLIN
HÚSD OPNAR KL. 21:00
VIKING BRÜGGHÚS

ÞÓÐUDAGUR 25. APRÍL
ÞÓÐRÚÐADÖR
BLUE-HÖLLIN
HÚSD OPNAR KL. 21:00
VIKING BRÜGGHÚS

LAUGARDAGUR 27. APRÍL
LOKAHÓF
BLUE-HÖLLIN
HÚSD OPNAR KL. 20:00 - AMI Happy Hour til 21:30
VIKING BRÜGGHÚS

ROKKÖLD '19
TILBÚÐI
LOKAHÓF

Gos kr. 400
Vatnsflaska kr. 400
Viking kr. 800
Thule kr. 1.200
Crabbies kr. 1.000
Skot kr. 800
Vodka skot kr. 1.000
Léttvinsglas kr. 1.200
Léttvinsflaska kr. 5.000
Einfaldur í gosi kr. 1.200
Tvöfaldur í gosi kr. 2.000

Viking Björkort
sjötti björinn frír! kr. 4.000



VIKING KVÖLD ROKKALDAR
BLUE-HÖLLINNI REYKJANESBÆ 25. & 26. APRÍL
HÚSD OPNAR KL. 21:00
VERD KR. 1500 / KR. 2500 BÆÐI KVÖLDIN
VIKING BRÜGGHÚS

ÞÓÐRÚÐADÖR SÍLAR ALLA BESTU MITTARANNA Á FIMMUDAGSKVÖLDINU

DJ HEIDAR AUSTMANN HELDUR UPPÍ EÖRINU Á FÖSTUDAGSKVÖLDINU

VIKING BRÜGGHÚS



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Um bjórkortin má segja að þau hafi verið óþörf, þau seldust illa og það reyndist betur að bjóða upp á happy hour.

Virðingarfyllt,

Sandra B. Magnúsdóttir

F.h. skemmtilegustu nefndarinnar á Rokköld 2019



2.9 RIT- OG MARKAÐSNEFND

2.9.1 HLOTVERK RIT- OG MARKAÐSNEFNDAR

- Halda utan um og koma með hugmyndir að söluvarningi á mótinu, svo sem bolum, bollum o.s.frv.
- Skipuleggja allt er viðkemur mótaskránni.
- Skipuleggja auglýsingar og texta fyrir mótið.
- Sér um alla prentun fyrir mótið.
- Sér um að setja allt efni inn á bli.is
- Hefur umsjón með notkun á merki Rokkaldar.

2.9.2 SKÝRSLA RIT-OG MARKAÐSNEFNDAR

Svala Ásbjörnsdóttir formaður, Eva Demireva, Sigríður Pálsdóttir, Jóhanna Erla Jóhannesdóttir, Elísabet Jónsdóttir.

Nefndin kom saman einungis einu sinni formlega saman í upphafi og fór yfir verkefni nefndarinnar og skipti með sér verkum.

Jóhanna og Elísabet sáu um hönnun mótsmerkið, útlit auglýsinga og mótabæklings.

Þau verkefni sem nefndin stóð frammi fyrir voru eftirfarandi: Útgáfa mótabæklings, auglýsingar fyrir skemmtikvöldin, Facebook síða mótsins, Instagram síða mótssins, aðgögnumiðar, bjórkort og pöntun á vatnsbrúsum og kaffimálum merktum mótinu.

Skoðað var einnig möguleikan á smáforriti (appi) til að halda utan um mótið en niðurstaðan var sú að það væri ekki tímabært vegna kostnaðar og mikillar vinnu við viðhald á forritinu fyrir og meðan á mótinu stæði.

Mótaskráin var viðfangsmesta verkefni nefndarinnar og var mesta vinnan fólgin í því að halda utan um og kalla eftir efni skráarinnar. Nefndin setti sér það háleita markmið að koma skránni í loftið fyrir 15.apríl en mættum sömu hindrun og mótshaldarar í fyrra þar sem síðasta auglýsingin barst ekki í hús fyrr en daginn fyrir mót. Ákveðið var að prenta ekki út mótaskrána en birta hana einungis rafrænt í heild sinni auk þess að birta valdar síður á Facebook dögnum fyrir mót og á meðan mótinu stóð. Það er mat nefndar að móti loknu að gefa hefði átt bæklinginn út á pappír og láta með mótsögnum einn á hvert lið til að ná til fleirri þátttakenda.



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Mörgum hugmyndum um merktan söluvarning var velt upp en fyrir valinu varð kaffimál, vatnsbrúsi og bolir.

Nefndinni þótti hugmynd BlaKA um margnota kaffimál góð hugmynd og pantaði 350 mál þar sem 300 mál seldust upp BlaKA og fengu færri en vildu.

Við fundum ál vatnsbrúsa 600 ml á breskri auglýsingavörusíðu, sem heitir Initial Incentives Ltd. Pantaðir voru 150 brúsar með hvítu Rokkaldar logo-i.

Það er mat nefndar að merktur söluvarningur ætti ekki að taka mikinn tíma hjá nefndarmönnum þar sem þeir taka tíma frá öðrum verkefnum og skila ekki miklu í vasann.

*Virðingarfyllst,
Svala Ásbjörnsdóttir
F.h. ritnefndar Rokkaldar 2019*



2.10 VEITINGA- OG SJOPPUNEFND

2.10.1 HLOTVERK VEITINGA- OG SJOPPUNEFNDAR

- Ákveða fyrirkomulag veitingasölu og hafa samráð um það við fulltrúa þeirra íþróttahúsa þar sem mótið fer fram.
- Ákveða hvað verður boðið upp á í sjoppum og á veitingastöðum mótshaldara.
- Verðleggja veitingar.
- Annast innkaup og skil.
- Skipuleggja vaktir í sjoppunum.
- Skila uppgjöri til fjármálanefndar.

2.10.2 SKÝRSLA VEITINGA- OG SJOPPUNEFNDAR

Nefndin var skipuð eftirfarandi: Jónína Einarsdóttir (formaður), Berglind Þórhallsdóttir, Hrafnhildur Brynjólfssdóttir, Jóhanna Kristín Hauksdóttir, Renata Agnes Edwardsdóttir, Siri Brynhildardóttir, Sæunn Svana Ríkharðsdóttir, Valdís Sigurþórsdóttir, Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir. Tengiliðir við mótstjórn var Sandra Magnúsdóttir.

Nefndinni var falið að sjá alfarið um það sem að veitingasölu á mótinu sneri, þar með talið í hvaða húsum og hvar í húsunum ætti að vera veitingasala, vöruúrval, samninga við söluaðila, mönnun sölustaða, umsjón með heimabakstri o.s.frv. Samningar við söluaðila varnings komu að hluta í gegnum auglýsingasölu ýmissa aðila. Það samstarf gekk mjög vel. Veitingasala var samstarfsverkefni félaganna sem að mótinu stóðu og ágóði af veitingasölu fór í sameiginlegan sjóð mótsins. Þar er öllu skipt 50/50 á milli félaganna.

Nefndin hittist á nokkrum fundum fyrir mót, bæði í Keflavík og Reykjavík og þess á milli fóru samskipti fram á facebook síðu fyrir sjoppunefndarinnar. Inni á þeirri síðu var einnig tengiliður frá mótstjórn sem gerði ýmis samskipti við aðrar nefndir góðar. Fljótlega var búið til skjal í google sheet með drögum að innkaupalista, verðlista og vaktaplani. Hópurinn skipti með sér verkum, einn hópur sá að mestu um matarmál (samlokur, súpur o.s.v.f.), annar drykki og sælgæti, þriðji bakstur, og svo runnu verkefni á milli fólks, eftir því hver var í bestu aðstöðunni til að sinna því sem þurfti að vinna.

Mótið var spilað á þremur stöðum; 12 vellir í Reykjaneshöllinni frá fimmtudegi til laugardags, 4 vellir Blue-höll fimmtudagur til föstudags og Ljónagryfjunni Njarðvík laugardag. Sjoppur voru á öllum þessum stöðum, en ákveðið var að hafa mismikið úrval í sjoppunum. Af matvörum var boðið upp á tilbúin núðlurétt í boxum, heita mexíkósúpu með kjúkling og brauðbollu, samlokur með skinku og osti, samlokur með grænmeti og eggjum af

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

sjálfsafgreiðslubar, heilsoðin egg seld í stykkjatali, pylsur, flatkökur með hangikjöti, pizzur, bananar og epli. Hægt var að fá veganmjólk í kaffi, og eitthvað af veganvörum. Til gamans er hér uppskrift af núðluréttinum sem var búinn til - en þessi uppskrift er fyrir 7 og var margfölduð þannig að úr urðu 275 skammtar.

Núðluréttur: 1 pk. núðlur, 8 egg, 2 laukar (eða hálfur blaðlaukur), 2-3 gulrætur, arómat.

Í Reykjaneshöllinni var stór sjoppa á efri hæð í sal þar sem ca. 70 manns gátu setið. Þar var oft fullt og fleiri sæti hefðu verið notuð ef þau hefðu verið. Þarna var boðið upp á pylsur, grillaðar samlokur, samlokur með grænmeti og eggjum á sjálfsafgreiðslubar og núðlurétti. Á degi tvö var ákveðið að bjóða einnig upp á súpu í þessari sjoppu en hún hafði áður bara verið til sölu í Blue-höllinni.

Á neðri hæðinni í Reykjaneshöllinni var minni sjoppa þar sem lögð var áhersla á að selja það sem auðvelt var að grípa með sér á ferðinni. Þar voru t.d. engar samlokur, súpur eða pylsur.

Í Blue-höllinni við Sunnubraut var stór sjoppa með góðu vöruúrvali. Þar voru sæti fyrir a.m.k. 100 manns í björtum og skemmtilegum sal. Gott eldhús og almennt góð aðstaða.

Gríðarleg umferð var í sjoppunum alla dagana, mest fyrsta daginn og eiginlega var bara allt tryllt að gera í Reykjaneshöllinni. Sala var langt umfram væntingar og vorum við þó að miða við sölutölur undanfarinna ára í innkaupum. Þá reyndist vinna við annað en afgangi t.d. uppáhellingu á kaffi, niðurskurð á salati í samlokur, pylsuhitun og þess háttar vera meiri en við sáum fyrir.

Allir kælar og kaffikönnur komu frá söluaðila drykkja og fengum við 14 kæla sem voru dreifðir á sjoppurnar auk þess að vera notaðir í Blue-höllinni á kvöldin undir drykki fyrir skemmtikvöld og lokahóf. Fólk gat sjálft gengið í kæla og sótt drykki. Þrjú kælar voru á efri hæð í Reykjaneshöll + einn ísskápur og veitti ekkert af. Þrjú kælar niðri fyrir drykki. Tveir kælar voru í Blue-höllinni sem fólk gat gengið sjálft í fyrir framan sjoppuna og tveir fyrir innan borð fyrir kælingu á veitingum.

Tveir til þrjú posar voru í öllum sjoppum og veitti ekkert af en í heildina voru posarnir 10. Keyptir voru 3 peningakassar fyrir sjoppurnar á súper prís í Costco og var byrjað með 30.000 í skiptimynt á hverjum stað. Það dugði ekki til og þurfti að bæta við öðru eins á degi 2.



Í hverri sjoppu var ein spjaldtalva með smáforriti til að reikna út. Við notuðum appið Loyvers pos eða <https://www.capterra.com/p/150632/Loyverse-POS/> Það virkaði frábærlega en það reyndist of hægvirkt að afgreiða á þennan hátt þegar mikið var að gera. Þá hefði þurft að vera ein spjaldtölva á mann. Mælum með því að hafa þetta en ekki búast við að allt sem er selt fari þarna í gegn. Fyrir unga fólkíð var mjög hentugt að nota forritið til að reikna út vöruverð til gesta.

Sjoppunefnd ákvað að bjóða upp á döðlugott og skúffukökur sem yrði heimabakað en þar fyrir utan komu kleinur frá bakaríi. Búið var til google sheet skjal þar sem fólk gat skráð sig fyrir þessum tegundum eða fyrir öðrum bakstri fyrir þá sem vildu meira frjálsræði. Mjög óverulegur afgangur var af heimabakstrinum.

Þegar að mótinu kom hittist hópurinn daginn fyrir, stillti upp sjoppum, raðaði í kæla og undirbjó sjoppurnar eins og mögulegt var. Skinku og ost samlokur voru settar í poka, smurðar flatkökusneiðar og búnir til núðluréttir. Settir voru umsjónarmenn vakta og umsjón með uppgjöri í lok dags. Daginn eftir mót var gengið frá sjoppunum, teknir til afgangar og þess háttar.

Í öllum sjoppum var hægt að kaupa einnota kaffimál og brúsa fyrir vatn. Við keyptum aðeins of mikið inn af þessum vörum (300 kaffimál og 150 vatnsbrúsa). Helmingurinn hefði nægt. Mögulega voru margnota kaffimálin of dýr en þau kostuðu 3000 með ótakmarkaðri áfyllingu, og miðuðum við þar við verð á síðasta öldungamóti. Allir starfsmenn fengu rauða boli og starfsfólk á lokahófi svarta boli.

Álagið í sjoppunum var gríðarlegt, sérstaklega í Reykjaneshöllinni, þar sem vellir voru 12 og yfir hádegið í Bluehöllinni. Fyrir utan þau sem voru skráð á vakt þá hljóp okkar fólk inn í sjoppuna til að hjálpa til, sendast í búðina og fara með vörur á milli húsa. Fyrir fram höfðum við gert ráð fyrir 4-7 á vakt á efri hæðinni í Reykjaneshöllinni, tveimur niðri og fjórum í Blue. Þegar á reyndi þurfti fleiri í Reykjaneshöllinni, sérstaklega vegna þess að sinna þurfti ýmsum reddingum. Starfsfólk í sjoppunni voru keppendur á mótinu, iðkendur yngri flokka félaganna, aðrir úr félögunum og aðstandendur.

Hjá yngri flokkum Þróttar Reykjavík var sett upp „punktakerfi“ fyrir vinnuframlag. Punktakerfi Aftureldingar var notað sem fyrirmynd. Gefnir voru tveir punktar fyrir bakaðauppskrift af skúffuköku, döðlugotti, kleinum, o.s.frv. og einn punktur fyrir hvern klukkutíma unninn í veitingasölu. Upphæð fyrir punktinn var ákveðinn að loknu

uppgjöri veitingasölnunnar og geta iðkendur notað sína inneign upp í æfingagjöld eða ferðakostnað á komandi vetri.

Hér eru nokkrir punktar um það sem læra má af:

- Mikið stress þegar kaffimál, rúllur í posa og skiptimynt kláruðust - þetta þarf að passa.
- Þurftum að kaupa meira súkkulaði og helling af bönunum. Eplum má sleppa.
- Gera þarf ráð fyrir að í sjoppum þar sem mikið er selt af heitum mat þurfi 1-2-3 fullorðna á vakt, bara til að sjá um það. Það þarf einn fyrir hverja sjoppu allan daginn sem er bara í reddingum og að færa vörur á milli sölustaða.
- Algjör snilld að hafa spjaldtölvur en of margar tegundir voru á skjánum. Náðum ekki að skrá allt þegar hraðinn var mikill en smáforritið gagnaðist oft vel við útreikninga.
- Mesta salan var fyrsta daginn og hann var frekastur á mannskap.
- Keppendur dvöldu mikið í húsunum, sérstaklega fyrsta daginn.
- Það hefði þurft fleiri sæti í húsið þar sem það voru 12 vellir, a.m.k. 150.
- Við keyptum of lítið af kaffi, "bara" 25 kíló sem reyndist ekki nóg!
- Hefðum getað selt meira súkkulaði, blátt powerade og döðlugotti. Of mikil vinna að vera með pylsur þar sem við vorum ekki með pylsupott. Allt í lagi að sleppa eplum.
- Kaffikönnurnar komu frá söluaðila og voru með of litlum kaffikönnum sem kostaði auka vinnu og ægilegt havarí þegar kaffisiurnar kláruðust. Passa þarf að þetta séu stórar pumpukönnur.
- Vorum ekki með sykur og te en töluvert var spurt um það.
- Gríðarlegt álag á starfsfólk. Það gat skrifað vörur hjá sér í sjoppunni á mótsstjórn en ágætt er að ganga frá því á undan þannig að allir viti af þessu.
- Það kom á óvart í Reykjaneshöllinni að hún var ekki undirbúin fyrir allan þennan fjölda, þrátt fyrir að þar væri alvanalegt að halda þar stór mót. Öldungamótið er hins vegar nokkrum númerum stærra og takturinn öðru vísi. Það hefði þurft fleiri ruslatunnur inni í húsinu, flokkunartunnur fyrir dósir og stór ruslatrog með loki inni í höllinni sem losa hefði mátt poka í. Fyrir utan almennt rusl þá safnaðist upp mikill pappi frá söluaðilum sem seldu skó. Minna þarf þessa aðila á að taka sjálfir sitt rusl með heim.

Salernispappírinn sem átti að duga Reykjaneshöllinni út árið kláraðist á fyrsta degi og mikið havarí var að redda pappír sem passaði fyrir þær græjur sem þar voru. Einungis 5 salerni voru fyrir konur í húsinu og alltaf raðir. Þær gengu hratt fyrir sig en hefði verið betra að hafa fleiri salerni. Konur taka öryggispiss fyrir leiki sem skapar aukaálag á salerni.

- Hafa þarf sérstakar ruslavaktir þannig að farið sé reglulega um mótssvæðið og týnt í poka.

Yfirlit það sem var í boðið og hversu mikið fór af hverju.

Coke 0,5 l PET	440	Hefði mátt vera meira.
Coke Light 0,5 l PET	194	
Fanta 0,5	132	
Toppur sítrónu 0,5 PET	336	
Toppur blár 0,5 l PET	216	
Toppur skógarberja 0,5 l	138	
Toppur greipaldin og trönuberja 0,5l	66	
Aquarius 0,5 l PET	280	
Poweraid Mountainblast 0,5 l PET	455	Hefði þurft meira.
Powerade Lime 0,5 l PET	435	
Burn 355 ml	192	
Minute Maid appelsínusafi 0,25 l	330	
Monster 0,5 l	125	
Hámark	90	
Skydrykkur	160	
Kókómjól	270	
Prins póló	284	
Rís súkkulaði	135	

Snickers	85	
Twix	51	Hefðum getað selt meira af nammi/súkkulaði.
Mars	25	
Þristur litlir	252	
Orkustykki, Atkins bar 60 gr	140	
Bananar	130 kg	
Epli	12 kg	Má sleppa.
Pizzur, litlar ca 250 gr.	90	
Samlokur 64 heimilisbrauð frá Myllunni 33 box af osti 0,5 kg hvert 11 kg skinka 10 kg Iceberg 7,5 kg paprika 18 gúrkur 750 egg soðin fyrir samlokubar eða til sölu í lausu	ca.1300	
Mexikó súpa (SS)	100 kg	
Brauðbollur með súpunni (costco)	200 stk	
Núðluréttur í boxi með gaffli	275 stk	
Kaffi	40 kg	
Mjólk í kaffi	60 l	
Flatkökur með hangikjöti 10 kg hangikjötsálegg, 280 heilar kökur, 24 öskjur smjörvi	1120 stykki ¼ úr köku	
Döðlugott	22 ofnplötur	Hefðu mátt vera 4-6 skammtar í viðbót.
Kleinur	200 stk	
Skúffukaka	18 stk	
Ýmis bakstur (pönnukökur, muffins)	70	

Pringles	150	
Pylsur 270 pylsur, 270 pylsubrauð, 3 kg sinnep, 3 l remúlaði, 6 l tómatsósa, 2,5 kg steiktur laukur	270	Vorum ekki með pylsupott sem gerði þetta of mikla vinnu.

Annað: 300 plasthanskar, plastpokar, plastfilma, 300 box fyrir núðlur, 300 trégafflar. Tvær pakkningar af eldhúsrúllum úr costco (hefðu mátt vera þrjár). Verðlistar fylgja samantektinni.

Almennar ábendingar:

Fyrir föstudagkvöld áttu 20 að vera í Blue höllinni og taka niður vellina og setja upp lokahóf. // í þetta voru 7 klár úr mfl Þróttar - en hina þurfti að finna í þetta verkefni á föstudeginum. Algjört klúður en reddaðist.

Miðvikudagur - uppsetning. Það þarf ein manneskja að gera ekkert annað en að stjórna.

Aðstaða fyrir dómara - til að setjast niður milli leikja. Í Reykjaneshöllinni var herbergi en það var ekki gert ráð fyrir þessu.

Virðingarfyllst,
Jónína Einarsdóttir og Hrafnhildur Brynjólfssdóttir
F.h. veitinga- og sjoppunefndar Rokkaldar 2019

2.11 VERÐLAUNA- OG GJAFANEFND

2.11.1 HLUTVERK VERÐLAUNA- OG GJAFANEFNDAR

- Verðlaun, útvega verðlaunapeninga og semja um hönnun og kaup á þeim.
- Endurheimta farandgripi frá fyrri mótum. Þarf að hafa samband í tíma við verðlaunahafa frá því á Öldung 2018. Þússa þarf gripina og láta grafa í þá áður en þeim er skilað.
- Skipuleggja verðlaunaafhendinguna sem fram fer í Ljónagryfjunni. Tímasetningar, hverjir afhenda, þulur o.s.frv.
- Fá ljósmyndara til að taka myndir af verðlaunahöfum. Eins að fá ljósmyndar til að taka myndir á mótinu sjálfu.
- Koma með hugmyndir og halda utan um leiki sem verða í gangi á mótinu svo sem lag mótsins, vinaliðaleikur eða eitthvað þess háttar.

2.11.2 SKÝRSLA VERÐLAUNA- OG GJAFANEFNDAR

Nefndin var skipuð af meðlimum Keflavíkur og Þrótturum. Formenn nefndar voru Guðrún Jóna og Auður Eva.

Nefndin fékk einnig ómetanlega aðstoð frá Öldungarráðinu, þeim Sigríði og Söndru. Mestu samskiptin fóru fram á samfélagsmiðlum frá hausti og þá voru lagðar upp línurnar fyrir verkefnin, þá sérstaklega hönnun á verðlaunapeningnum.

Hlutverk nefndarinnar var að sjá um pöntun og gerð verðlaunapeninga auk þess að skipuleggja verðlaunaathöfnina sjálfa. Lagt var upp með að kostnaður við kaup á verðlaunapeningum yrði í lágmarki. Einnig sá nefndin um að fá ljósmyndara til að taka myndir af verðlaunaathöfninni og af mótinu sjálfu. Endurheimtun farandgripa var færð til gisti-, móttöku- og gjafanefndar.

Frá upphafi var sterk hugmynd að útliti verðlaunapeningins og vinna hófst strax að hönnun hans héraendis eða pöntun að utan. Leitast var eftir tilboðum héraendis og erlendis en alltaf var kostnaður of mikill eða útlit penings ekki nógu gott. Eftir langa leit og vangaveltur kom Sigríður með hugmynd um að fá 42, framtíðarstofu Tækniskólans til að útbúa verðlaunapeninga úr plexígléri. Nefndin fékk að sjá frumgerð úr glæru plexígléri og var vilji til að kanna hvort hægt væri að gera eins úr svörtu plexígléri. Kom það betur út að láta laserprenta í svart plexíglér og leit peningurinn þá út eins og vínýlplata. Lógó mótsins var einnig prentað á peninginn og gat skorið út fyrir borðana. Þar sem allir verðlaunapeningarnir voru eins var ákveðið að borðarnir yrðu í mismunandi á litinn sem greindi á milli hvort um 1., 2. eða 3. sæti væri að ræða. Leitast var eftir tilboðum af borðum í allskonar

útgáfum héraendis og erlendis, þegar Sandra fékk gott tilboð frá KLM. Hugmyndin var að hafa gull, silfur og brons borða sem var svo öllum krækt á verðlaunapeningana. Borðarnir hækkuðu aðeins kostnaðinn en samt ekki of mikið og að lokum var allt verslað héraendis.

Töluverð vinna fór í að plokka plast af plexíglærinu, pússa hvern verðlaunapening fyrir sig og smella borðum á hvern verðlaunapening. Margar hendur lögðust á eitt og tók þetta í heildina um það bil 5 - 6 klst.

Gisti-, móttöku- og gjafanefnd sá um að innheimta bikarana og koma þeim í okkar vörslu. Yfirförum þá, pússuðum þá sem þurfti og gerðum tilbúna fyrir verðlaunaafhendinguna. Redda þurfti einum lánsbikar þar sem ein deildin gleymdi sínum bikar og var hann á leiðinni en hefði ekki náð í tæka tíð fyrir verðlaunaafhendinguna.

Framkvæmd og umgjörð verðlaunaafhendingar

Venja er að verðlaunaafhending fari fram strax að lokum lokaleiks mótsins eða 1. deildar úrslitaleikjunum en við breyttum til. Um leið og úrslitaleik 1. deild karla lauk var þeim veitt verðlaun sem báru sigur í þeirri deild á meðan 1. deild kvenna hitaði upp fyrir sinn úrslitaleik. Svo var þeim veitt verðlaun sem báru sigur í 1. deild kvenna um leið og úrslitaleik var lokið. Verðlaunaafhendingin fór fram í Ljónagryfjunni og var fjölmenni komið til að horfa á úrslitaleikina og einnig til að vera mættir til að taka við verðlaunum sínum.

Þegar 1. deildirnar voru búnar fá sín verðlaun hófst verðlaunaafhending annarra deilda og gerðum við aðra breytingu á fyrirkomulagi sem hafa tíðkast hefur á öldung. Í stað þess að láta næstu deild taka við eftir 1. deild eins og gert var á BláKA 2018 þá héldum við áfram að telja niður, þ.e.a.s. eftir 1. deild kom 2. deild o.s.frv.

Gagnavarslan prentaði fyrir okkur blöð í A3 stærð með lógói mótsins, deild og nafni verðlaunaliðs sem var svo plastað. En þessi vinna var gerð fyrir upphaf móts og voru því öll lið deildanna prentuð en verðlaunanefnd týndi svo úr vinningsliðin fyrir verðlaunaafhendingu eða um leið og úrslit deilda voru ljós. Þessi blöð voru notuð til að raða liðum upp áður þau gengu að verðlaunapallinum.

Bikurum var raðað upp skipulega í þeirri röð sem átti að afhenda verðlaunin. Verðlaunapeningarnir voru hafðir ofan í körfu svo það væri auðvelt að tyna upp úr og setja á handlegg þann sem afhenti verðlaunapeningana.

ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Til að hafa sem minnstan frágang þá var ákveðið notast aðeins við varamannabekki fyrir 1. sætið, en 2. og 3. sæti stóðu á gólfinu. Var tveimur varamannabekkjum stillt saman til að veita meira jafnvægi og pláss fyrir leikmenn til að standa á. Skiltagerð ehf. útbjó skilti sem styrk sem notað var við verðlaunaafhendinguna og var því stillt upp fyrir framan varamannabekkina. Útlit skiltis var í samræmi við þema mótsins en á skiltinu stóð númer öldungamóts, nafn móts, lógó móts og lógó beggja mótshaldara. Notast átti við nótnastatíf til að setja A3 arkirnar á en vegna gusts var því kippt út þar sem blöðin héldust ekki kjurr. Einnig hefði mátt finna leið til að festa skilti tímabundið við varamannabekkina.

Nefndarmenn, blak-krakkar og fleiri voru fengnir til að leiða raðir af sigurvegurum fyrir hverja deild. Þótti nóg að hafa aðeins einn til að leiða inn í þessari röð 2. sæti, 1. sæti og svo 3. sæti. Allir sem komu að verðlaunaafhendingunni voru klæddir í mótsboli.

Hljóðkerfi var yfirfarið og búið var að setja saman velvalda tónlist bæði til að spila frá því að úrslitaleikjunum hafði lokið og þar til að verðlaunaafhending myndi byrja og einnig útbúinn sérstakir lagabútar til að spila á meðan liðin gengu að pallinum. En þessi lög voru ekki spiluð þar sem Dj massadjamms Andrés Sighvatsson (Drezi) var viðstaddur alla verðlaunaafhendinguna og var duglegur að spila vel valin lög sem voru við hæfi og myndaði mikla stemmingju í húsinu. Brugðið var á það ráð að senda mótslagið á hann sem hann spilaði einnig inn á milli.

Liðum var í upphafi kynnt fyrirkomulagið þannig að þau voru tilbúin þegar röðin kæmi að þeirra deild. Þulur sem var Öldungurinn sjálfur leiddi svo afhendinguna af hressleika og ákveðni enda alvanur stórum verðlaunaafhendingum.

Ljósmyndari var tilbúinn fyrir fyrstu verðlaunaafhendinguna og tók fjölmargar myndir af sigurvegurum.

Ljósmyndari

Ljósmyndari var fengin til að taka myndir af mótinu, liðsmýndir og af verðlauna- afhendingunni. Liðsmýndatakan fór fram á auglýstum tímum í Blue-höllinni og var notast við sama skilti og í verðlaunaafhendingunni. En aðeins



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

um 30% liða mótsins nýttu sér liðsmyndatökuna. Spurning er hvort liðsmyndatökan hefði átt að fara fram í Reykjaneshöllinni þar sem fleiri lið voru saman komin á einum stað.

Leikir og lag mótsins

Ákveðið var að sleppa öllum leikjum í ár og fundum við ekki fyrir söknuði í þeim efnum í ár. Sunna Prastardóttir kom til hjálpar við að semja mótslagið sem hún tók svo alveg við og vann að texta ásamt því að fá söngvara til að syngja lagið.

*Virðingarfyllst,
Guðrún Jóna Árnadóttir og Auður Eva Guðmundsdóttir
F.h. Verðlaunanefndar Rokkaldar 2019*



2.11.3

3 LOKAORÐ ÖLDUNGS

Þá er enn einu Öldungamóti í blaki lokið, og nú var það Rokköld 2019! Fyrir ári var BLAKA haldið á Akureyri með miklum glæsibrag en á því móti var þátttökumet slegið en þar mættu 182 lið til leiks. Nú í ár var mótið örlítið minna í sniðum.

Mótið í ár tók mið af þessum fjölda og allt var lagt í að framkvæmd mótsins færi vel fram. Mótið var í fyrsta skipti haldið í Reykjanesbæ í samstarfi blakdeildar Keflavíkur og Þróttar í Reykjavík. Frábær íþróttastaða er til staðar í Reykjanesbæ og voru langflestir leikirnir verða spilaðir á dúklögðum völlum á gervigrasi í upphitaðri Reykjaneshöll og á parketi í Blue-Höllinni í Keflavík. Lokaleikir í 1. deildum karla og kvenna voru svo spilaðir í troðfullu íþróttahúsi Njarðvíkurskóla. Í næsta nágrenni var svo hægt að sækja sér alla nauðsynlega þjónustu.

Skemmtidagskrá var öll kvöld á meðan mótinu stóð og lokahófið var haldið í Blue-höllinni, en húsakynnin eru kjörin fyrir viðburð af þessu tagi. Brotið var blað í sögu lokahófa þar sem haldið var stórbrotið party þar sem allir fengu eitthvað fyrir sinn snúð.

Gríðarlegur vöxtur hefur verið í Reykjanesbæ síðustu ár en fyrr á árinu skaust sveitarfélagið upp í 4. sæti af stærstu bæjarfélögum landsins. Því er löngu tímabært að byggja upp blakíþróttina hér í bæ. Á þeim sjö árum síðan blakdeild Keflavíkur var stofnum hefur hún þroskast og dafnað og hefur barna- og unglिंगastarfið vaxið samhliða því. Rokköld hefur nú þegar verið lyftistöng fyrir íþróttina í Reykjanesbæ en töluverð aukning hefur verið í fjöldi iðkenda hjá deildinni, hæfir þjálfarar hafa verið fengnir í starfið og fyrsti unglिंगalandsliðsmaður Keflavíkur hefur litið dagsins ljós.

Þróttur Reykjavík er rótgróið félag sem stofnað var um miðja síðustu öld og hefur í áratugi teft fram frambærilegu íþróttafólki, meðal annars í blaki frá 1974. Í dag eru blakiðkendur tæplega hundrað í barna- og fullorðinsflokkum, ásamt meistaraflokki kvenna. Félagið hefur í gegnum tíðina unnið stóra titla og alls hefur Þróttur orðið Íslandsmeistari í blaki 18 sinnum og bikarmeistarar 17 sinnum. Félagið hefur síðustu ár unnið að innri uppbyggingu og er Rokköld mikilvæg lyftistöng í því starfi.



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

Mikill metnaður hefur verið lagður í Öldungamót undanfarinna ára og ekki var slegið af neinum kröfum þetta árið. Aðstöðumál verða þó flóknari eftir því sem að mótið vex og ljóst að sífellt verður erfiðara fyrir mörg íþrótta- og bæjarfélög að halda slíkt mót þar sem íþróttaaðstaða og gistinguleikar eru af skornum skammti. Í því samhengi þarf blakhreyfingin að vera tilbúin til að prófa nýja hluti með opnum huga.

Undirrituðum er einnig hugleikið hvernig mótaskipulagi er háttað. Með einföldum breytingum tel ég hægt að gera mótið skemmtilegra og meira spennandi. Hugmyndin er sú að hver deild yrði spiluð í tveimur fjögurra liða riðlum. Við það fengi hvert lið 3 leiki í riðli. Eftir það væru spiluð undanúrslit um sæti, í kross á milli riðla, og svo að lokum væri leikur til úrslita um hvert sæti. Hvert lið spilaði því 5 leiki í allt eins og áður. Efstu og neðstu þrjú lið færast svo upp og niður um deildir. Við þetta fyrirkomulag fengjust hreinir úrslitaleikir í hverri deild, hreinir úrslitaleikir um sæti og hreinir úrslitaleikir um fall. Hægt væri að skipuleggja tíma- og staðsetningar úrslitaleikjanna fyrir mót og þannig hægt að mynda gríðarlega stemningum í kringum alla úrslitaleiki.

Góða skapið og leikgleðin var svo sannarlega í öndvegi á þessari stórkostlegu blakhátíð Rokköld 2019, líklega einum stærsta íþróttaviðburði á Íslandi þetta árið. Við sem stóðum að mótinu vonumst svo sannarlega til að allir þeir þátttakendur sem mættu til leiks hafi farið heim með ánægjulegur og góðar minningar af mótinu. Að lokum langar mig að færa bestu þakkir til þeirra allra sem lögðu ómælda sjálfboðavinnu í að framkvæmd mótsins færi sem glæsilegast fram, og eins færum við í mótsnefnd sérstakar þakkir til Reykjanesbæjar fyrir veitta aðstöðu og og alla aðstoð á meðan mótið fór fram.

Sjáumst í Vestmannaeyjum 2020. Áfram blak!

Einar Hannesson, Öldungur 2019



ROKKÖLD '19

44. ÖLDUNGAMÓT BLÍ - REYKJANESBÆ

KEFLAVÍK - ÞRÓTTUR REYKJAVÍK

